



# Mat starfsmenntaskóla á fyrra námi

Úttekt fyrir ECVET (Evrópskt einingakerfi fyrir starfsmenntun)  
sérfræðingsverkefni ESB, apríl 2013



# Efnisyfirlit

|   |   |
|---|---|
| <a href="#">1. Kynning</a> .....  | 3 |
| <a href="#">2. Almenn um mat á námi í framhaldsskólum</a> .....                             | 3 |
| <a href="#">3. Könnun á matsaðferðum framhaldsskólanna</a> .....                            | 4 |
| <a href="#">3.1. Aðferðafræði</a> .....   | 4 |
| <a href="#">3.2. Mismunandi aðferðum beitt</a> .....  | 4 |
| <a href="#">4. Almenn um mat á vinnustaðanámi í samningsbundnu iðnnámi</a> .....            | 5 |
| <a href="#">4.1. Raunfærnimat og starfsnám</a> .....  | 5 |
| <a href="#">5. Endurmenntunarnámskeið</a> .....   | 6 |
| <a href="#">6. Mat á milli faggreina</a> .....  | 6 |
| <a href="#">7. Mat og viðurkenning á vinnustaðanámi erlendis sem hluta af námskrá</a> ..... | 6 |
| <a href="#">8. Umbætur á mati á námi</a> .....  | 7 |
| <a href="#">Heimildir</a> .....   | 8 |

Höfundar: Helen Gray og Helene Pedersen

# 1. Kynning

**Tilgangur skýrslunnar er að varpa ljósi á matsaðferðir í starfsnámi, hvort sem um er að ræða nám sem fer fram í skóla eða á vinnustað faggreinanna.**

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að fyrst verður fjallað almennt um matsaðferðir framhaldsskólanna á fyrra námi nemenda við innritun. Því næst verður stutt yfirlit yfir mat á vinnustaðanámi í samningsbundnu iðnnámi. Síðan verður fjallað um stöðu endurmenntunarnámskeiða í þessu

samhengi, evrópska einingakerfið ECVET og markmið og rök Evrópuráðsins fyrir innleiðingu þess. Þá verður gerð grein fyrir könnun sem gerð var á matsaðferðum nokkurra framhaldsskóla á landsvísu og álitni viðmælenda á ECVET kerfinu. Þá verða matsaðferðir vinnustaðanáms skoðaðar sem og mat á raunfærni í löggiltum iðngreinum. Að lokum verður gerð stutt samantekt á helstu niðurstöðum og tillögur að næstu skrefum varðandi ECVET settar fram.

# 2. Almennt um mat á námi í framhaldsskólum

Í gildandi lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 bera skóla- meistarar ábyrgð á mati á námi en framkvæmdin er í flestum tilfellum í höndum áfangastjóra. Ef álitamál koma upp er leitað til stjórnenda eða til þeirra sem bera ábyrgð á sérhæfðu námi og í sameiningu er leitað lausna.

Við mat á fyrra námi hefur fram til þessa verið stuðst við aðalnámskrá framhaldsskóla. Leitast er við að meta flesta þá áfanga sem nemendur hafa lokið. Beri áfanga ekki sömu

heiti eru áfangalýsingar skoðaðar og jafngildisreglunni beitt. Hafi nemandi lokið áföngum á ferli sínum sem ekki eru til í viðkomandi skóla eru þeir metnir sem ótilgreint val upp að 12 einingum. Einstaka skólar hafa einnig metið 12 eininga keðjur sem kjörsvið annarrar brautar.



## 3. Könnun á matsaðferðum framhaldsskólanna

### 3.1. Aðferðarfræði

Könnun var gerð á matsaðferðum nokkurra framhaldsskóla. Tilgangurinn var að kanna hvort mat nemenda á fyrri námi væri frábrugðið milli skóla og hvaða matsaðferðir framhaldsskólarnir styðjast við. Könnunin fór fram á vormánuðum 2012. Í byrjun voru heimasíður allra framhaldsskólanna (alls 34) skoðaðar og kortlagt það nám sem í boði er hvað varðar námstíma í skóla, einingafjölda og vægi starfsþjálfunar eða vinnustaðanáms. Að því loknu voru valdir úr þrettán framhaldsskólar sem bjóða upp á fjölbreytt starfsnám hvað varðar skipulag, umfang og inntak. Framhaldsskólarnir í þessu úrtaki bjóða allir upp á verklegt nám sem fer fram á vinnustað og bóklegt nám sem fer fram í skóla. Námsstíminn er mislangur, allt frá tveimur önnum upp í fjögur ár, og námsframboðið er ólíkt milli skólanna. Námið getur leitt til tiltekinna starfsréttinda, sem eru lögvernduð, eða veitt undirbúning og þjálfun fyrir tiltekin störf án þess að um lögvernduð starfsréttindi sé að ræða. Skólarnir eru bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi.

Símaviðtal var tekið við stjórnendur skólanna til að kanna hvort mat á fyrri námi nemenda væri frábrugðið milli skóla og hvort stuðst væri við verklagsreglur, viðmiðunarramma eða formlega samstarfssamninga. Þá var sérstaklega skoðað hvort og hvernig nemendum í starfsmenntun hefur gengið að fá metið það nám sem þeir hafa lokið í öðrum skólum, sérstaklega ef þeir hafa stundað nám utan heimalands síns.

### 3.2 Mismunandi aðferðum beitt

Við mat á nemendum úr bóknámi í verknám og öfugt er farið eftir ákvæðum aðalnámskrár og þeir metnir inn á brautir samkvæmt henni. Það eru alltaf einhverjir starfsmenntanemar sem velja að bæta við sig einingum og ljúka stúdentsprófi eða iðnstúdentsprófi. Það er auðveldara fyrir iðnsvein að bæta við sig stúdentsprófi því hann getur fengið val og kjörsvið metið. Stúdent á hins vegar alla faglega áfanga eftir ásamt samningsbundna starfsnáminu.

Skiptinemar sem farið hafa út á vegum viðurkenndra aðila fá 12 einingar metnar í ótilgreint val og þeim er einnig bent á að taka stöðupróf í tungumálum. Þeir nemendur sem valið hafa að fara út sem skiptinemar eru flestir komnir á seinni hlutann í námi sínu og margir því búnir að taka valeiningarnar í annað. Skiptinimum á vegum AFS er gert ljóst áður en þeir fara út að þetta ár geti tafið þá í námi. Þeir eru ekki að fara í eiginlegt nám heldur til að læra tungumál, menningu og ólíka siði. Samkvæmt könnuninni líta flestir skiptinemar á þetta ár sem skóla lífsins og eru ekki að sækjast eftir að fá mat í öðru en tungumáli landsins sem þeir dvelja í.

Íslenskir nemendur sem hafa sótt skóla erlendis og erlendir nemendur sem sækja um nám í íslenskum framhaldsskólum þurfa að sýna gögn úr fyrri skóla þar sem innihaldslýsingar, tímafjöldi og lokaefnkunn koma fram. Þessum nemendum er bent á stöðupróf í erlendum tungumálum og þeir sem ekki hafa lært dönsku fá annað tungumál metið í staðinn. Reynt er að tryggja að nemendur missi ekkert úr og líka að þeir þurfi ekki að taka sömu viðfangsefni aftur. Einhverjir skólar meta aldrei lokaáfanga. Best hefur gengið að meta nemendur frá Norðurlöndunum þar sem skólakerfin eru mjög lík. Í tilfellum þar sem menntakerfin eru ólík leggja framhaldsskólarnir ríka áherslu á að umsækjendur hafi meðferðis gagnsæ og lýsandi gögn til að auðvelda matið.

Flestir framhaldsskólanna í könnuninni beita raunfærnimati og er það framkvæmt í gegnum Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (skrifstofunám), Iðuna fræðslusetur (löggitlar iðngreinar), fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins (rafiðngreinar) og símenntunarmiðstöðvar um land allt.

Ekki allir framhaldsskólarnir meta nám úr Gunnmenntaskólanum sem byggist á námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins af því að inntakið og tímaramminn þar er ekki sá sami og í framhaldsskólunum. Nám frá háskólabrú HR, Keilis og Bifrastar hefur verið metið.

Svo virðist sem mat á fyrri námi sé einstaklingsbundið í hverjum framhaldsskóla fyrir sig. Í flestum tilfellum meta skólar eins mikið og hægt er hjá viðkomandi nemanda en helsta hindrunin hefur verið brautarlýsingar, sérstaklega ef nemendur hafa verið að skipta um braut á miðri leið.

*Þegar nemandi flyst á milli skóla sem starfa samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla og skráir sig þar á tiltekna námsbraut fær hann viðurkennda þá áfanga sem hann hefur lokið með fullnægjandi árangri svo framarlega sem þeir eru skilgreindur hluti af þeirri braut sem hann innritast á. Áfanga sem kunna að falla utan brautarinnar má meta sem valgreinar (Aðalnámskrá framhaldsskóla, 2004).*

Tilhneigingin virðist vera sú að skólar úti á landi eru reiðubúnari til að meta fyrri nám til eininga en skólar á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega þegar um mat á námi úr óformlega kerfinu er að ræða.

Skólaumhverfið gefur ekki kost á miklum sveigjanleika og er því lítil hreyfing á íslenskum starfsnámsnemendum á milli landa. Helstu ástæður eru skipulag námsins, tímaskortur, peningaleysi og vinnuálag.

## 4. Almennt um mat á vinnustaðanámi í samningsbundnu iðnnámi

Í 6. gr. reglugerðar nr. 840/2011 um vinnustaðanám og starfsþjálfun á vinnustað kemur fram að heimilt sé að meta nám eða starfsreynslu sem viðkomandi hefur aflað sér áður en samningurinn er gerður, að uppfylltum skilyrðum. Leggja þarf fram vinnuvottorð, lýsingu á störfum og staðfestingu lífeyrissjóðsyfirlits eða skattstjóra um að tilskilin gjöld hafi verið innt að hendi. Verktakavinna er ekki metin. Ef tiltekin eru sérstök ákvæði í námskrá ganga þau fyrir. Mismunandi er eftir greinum hve langt er gengið í að meta „aftur í tímann“ eins og það er kallað. Sumar greinar meta einungis einn mánuð aftur í tímann meðan aðrar hafa engin mörk, svo framarlega sem ákvæði reglugerðarinnar eru uppfyllt.

### 4.1 Raunfærnimat og starfsnám


Síðustu misseri hefur hlutur raunfærnimats aukist með tilkomu viðurkenndra aðferða og er það framkvæmt með skipulögðum hætti í samráði við alla hlutadeigandi. Raunfærnimat er skráning á færni einstaklings sem hann hefur aflað sér, hvort sem um er að ræða starfsreynslu, með námi eða í frístundum. Markmiðið með raunfærnimati getur verið tvíþætt. Í fyrsta lagi getur einstaklingur nýtt sér raunfærnimat til að láta meta stöðu sína gagnvart námskrá eða til að gera sýnilega þá færni sína sem hægt er að nýta við þróun eigin starfs eða við umsókn í skóla svo nokkur dæmi séu nefnd.

Vinna við þróun raunfærnimats hófst 2002. Verkefnið hefur beinst að þeim sem ekki hafa lokið formlegri menntun. Þátttakendur í raunfærnimatinu eru aðallega þeir sem vilja hefja formlegt starfsnám og fá metna reynslu sína og færni gagnvart aðalnámskrá framhaldsskólanna. Raunfærnimat hefur verið þróað í löggiltum iðngreinum og heilbrigðis- og þjónustugreinum. Nánari útlistun á skiptingu greina má nálgast á heimasíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Fræðslu- og símenntunarstöðvar um land allt sjá um að stýra raunfærnimatsverkefnum. Allir matsaðilar sækja undirbúningsnámskeið hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem einnig sér um að halda saman allri tölfræði varðandi verkefnið og er sú tölfræði sem vísað er í hér fengin á heimasíðu Fræðslumiðstöðvarinnar, [www.frae.is](http://www.frae.is).

Almennt má segja að framhaldsskólar viðurkenni að fullu niðurstöður raunfærnimats hverju sinni. Í löggiltum iðngreinum eru öll raunfærnimatsverkefni unnin samkvæmt skilgreindu ferli í samvinnu við framhaldsskólana.

Þeir sem hefja nám að nýju eftir raunfærnimat skiptast þannig eftir landshlutum: 55% þeirra sem eru á landsbyggðinni skila sér aftur í nám og 65% á höfuðborgarsvæðinu.

**Raunfærnimat 2007-2011, löggiltar iðngreinar og annað raunfærnimat (Fjöldi sem lauk raunfærnimati)**



Á mynd 1 kemur fram að raunfærnimat löggilttra iðngreina hefur verið áberandi en raunfærnimat í öðrum starfsnámsgreinum er að aukast. Greinilegur stígandi er í fjölda þátttakenda en það skal tekið fram að fjármögnun verkefnis hefur áhrif á fjölda, þ.e. fjármagnið stýrir því hversu mörg verkefni er hægt að ráðast í hverju sinni.

Árið 2012 fékk Fræðslumiðstöð atvinnulífsins IPA styrk (Instrument for Pre-accession Assistance) til að þróa raunfærnimat og efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun.

Almennt veita endurmenntunarnámskeið ekki framhaldsskólæiningar. Hins vegar standa bæði Iðan og Rafiðnaðarskólinn fyrir fagnámi iðnmeistarara og er það unnið í samvinnu við viðkomandi framhaldsskóla sem skráir og staðfestir teknar einingar.

## 5. Endurmenntunarnámskeið

Svo hægt sé að efla aðferðir við mat á námi og starfsþjálfun innan formlega skólakerfisins þarf að búa þannig um að þátttakendur viti hvert eigi að snúa sér til að fá mat á sínu

námi eða starfsþjálfun. Það er ekki síður mikilvægt að þessir einstaklingar séu undirbúnir samkvæmt viðurkenndum aðferðum.

## 6. Mat á milli faggreina

Ef einstaklingur sem hefur lokið sveinsprófi í t.d. prentun og vill ljúka sveinsprófi í grafískri miðlun er hvert mál athugað sérstaklega. Umsækjandi fær styttingu náms í samræmi við verkagsreglur viðkomandi skóla og vinnustaðanám styttr eftir stöðu sinni og reynslu. En ef prentari hefur t.d. áhuga á að fara í vélvirkjun er honum beint í raunfærnimat vélvirkja, að uppfylltum skilyrðum.

Iðngreinarnar hafa ekki skipulagt ferli yfir málaflokkinn, en matvæla- og veitingagreinarnar hafa gert tillögu að leiðum

sem hægt er að skoða til styttingar. Sú leið er hugsuð fyrir nýútskrifaða sveina í greininni án mikillar starfsreynslu, annars er fólki beint í raunfærnimat.

Það er afar sjaldgæft að einstaklingar biðji um mat á milli greina, sem dæmi hefur það einungis gerst tvisvar í upplýsinga- og fjólmiðlagreinum og fjórum sinnum í matvæla- og veitingagreinum frá árinu 2005.

## 7. Mat og viðurkenning á vinnustaðanámi erlendis sem hluti af námskrá

Iðnnemar sem taka hluta af sínu vinnustaðanámi erlendis fá tímann metinn að fullu. Stuðst er við Europass starfsmennta-vegabréf og/eða lærdómssamning. Nemaleyfisnefndir greinanna (í þeim tilvikum sem nemaleyfisnefndir eru starfandi) þurfa að viðurkenna viðkomandi fyrirtæki áður en neminn fer út, annars er leitað til viðeigandi sveinsprófsnefndar eða

starfsgreinaráðs. Frá 2007 hafa um 70 iðnnemar fengið vinnustaðanám frá öðrum löndum viðurkennt til styttingar á vinnustaðanámi. Styttingin er staðfest af þjónustuaðila mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

## 8. Umbætur á mati á námi

Svo hægt sé að efla aðferðir við mat á námi og starfsþjálfun innan formlega skólakerfisins þarf að búa þannig um að þátttakendur viti hvert eigi að snúa sér til að fá mat á sínu námi eða starfsþjálfun. Það er ekki síður mikilvægt að þessir einstaklingar séu undirbúnir samkvæmt viðurkenndum aðferðum. Því væri æskilegt að:

- *Útbúinn verði viðauki sem lýsir færni viðmiðum og þrepaskiptingu náms samkvæmt viðmiðum evrópska færnirammans (EQF) og evrópska einingakerfisins, líkt og er gert við háskólapróf.*
- *Tilnefndur verði þar til gerður aðili/stofnun sem sér um gerð styrkja, utanumhald og veitir faglega aðstoð.*
  - *Undirbúningsstyrkir, námsstyrkir, starfsþjálfunarstyrkir og verkefnastyrkir.*
- *Útbúnað verður skýrar leiðbeiningar um hvernig skólar, fyrirtæki og einstaklingar eigi að haga málum varðandi utanumhald prófa, námsgagna og starfsreynslu*
  - *Skriflegt samkomulag um námið milli þátttakenda (nemi, sendandi og móttakandi).*
  - *Skriflegt samkomulag um hæfniviðmið (Europass starfsmenntavegabréf).*
  - *Notkun viðauka.*
- *Aðilar sem sjá um þróun námskráa geri ráð fyrir fræðslu þess efnis og að þróaðir verði áfangar sem fela í sér nám erlendis, með því öðlast reynsla á þessu sviði.*



# Heimildir

Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti. (2004).

Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti. (2011).

Bundesministerium für Bildung und Forschung. (2013). Guidelines for describing units of learning outcomes. Sótt af [http://www.ecvet-team.eu/sites/default/files/guidelines\\_for\\_describing\\_units\\_of\\_learning\\_outcomes.pdf](http://www.ecvet-team.eu/sites/default/files/guidelines_for_describing_units_of_learning_outcomes.pdf)

ECVET projects. (2012). ecvet magazine n°10. Keeping you informed about European Credit system for Vocational Education & Training. Sótt af [http://www.ecvet-projects.eu/Documents/Bulletins/ecvet\\_mag\\_10-08-2012\\_0.pdf](http://www.ecvet-projects.eu/Documents/Bulletins/ecvet_mag_10-08-2012_0.pdf)

European Commission – Directorate General Education and Culture. (2012) Using ECVET of Geographical Mobility. (2012). [http://www.ecvet-projects.eu/Documents/ECVET\\_Mobility\\_Web.pdf](http://www.ecvet-projects.eu/Documents/ECVET_Mobility_Web.pdf)

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (2012). Raunfærnimat á Íslandi. Sótt af [http://www.frae.is/files/!%C3%B0ngreinar%20vs.%20anna%C3%B0%20raunf%C3%A6rnimat%2007-11\\_1694330233.JPG](http://www.frae.is/files/!%C3%B0ngreinar%20vs.%20anna%C3%B0%20raunf%C3%A6rnimat%2007-11_1694330233.JPG)

Helene. H. Pederssen. (2012). Könnun á matsaðferðum framhaldskólanna [könnun höfundar]. Reykjavík.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Rannís – Leonardo. (2012). ECVET – Evrópskt einingakerfi fyrir starfsmenntun. Sótt af <http://www.lme.is/doc/1350>